

Kennari	Hannesína Scheving hannesina@vma.is	Sk.st.	HAN
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnun sjúklinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsúmönnun. Farið er í hjúkrunargreiningar og skráningu hjúkrunar.

Forkröfur: Að hafa lokið 1. önn í sjúkraliðanámi

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á
- helstu skipulagsformum hjúkrunar
- umhyggjuhugtakinu
- siðareglum sjúkraliða
- réttindum skjólstæðinga skv. lögum
- mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun
- grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim
- mikilvægi svefns og hvíldar
- áhrifum verkja á skjólstæðing
- fylgikvillum rúmlegunnar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt
- fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings
- fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegunnar
- sýna faglega umhyggju
- taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt
- Nota hjúkrunargreiningar og geta unnið eftir þeim

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf
- útskýra tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans
- gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun
- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- sýna fagmennsku í orði og verki
- rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing
- útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu
- taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings

Námsgögn: Hjúkrun 1. þrep. Höfundar; Aðalbjörg Stefánía Helgadóttir, ritsjóri. Iðnú útgáfa. 2016.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 33	1. kafli. Frá heimilum til hátæknispítala-hjúkrun í nútíma samfélagi	Verkefni	3%
Vika 34	2. kafli. Umönnun og sjálfsunönnun	Verkefni	3%
Vika 35	3 og 4. kafli. Þarfir og skilningarviðin	Ígrundun	5%
Vika 36	5 og 6. kafli. Húðin, sjúkarúm og legusár, Hreyfing		
Vika 37	8. kafli. Hjarta og æðakerfi	Annarpróf	15%
Vika 38-39	9 og 10. kafli. Vökví og melting-losun úrgangsefna	Verkefni	3%
Vika 40	11. kafli. Þvaglát	Ritgerð úr efni áfangans	15%
Vika 41	12. kafli. Svefn		
Vika 42	13. kafli. Verkir	Verkefni	5%
Vika 43	14 og 7. kafli. Líkamshiti og Öndun		
Vika 44	15. og 16. kafli. Líknarneðferð og líknandi hjúkrun, Norm gildi	Verkefni	3%
Vika 45-46	17.18 og 19 kafli. Samstarf og skráning.	Verkefni	3%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Skriflegt	Annarpróf í viku 37-38	15%
Skriflegt	Lokapróf í desember úr öllu efni áfangans	50%
Ígrundun	Nemendur velja eina grein af lista um efni áfangans og gera ígrundun um greinina	5%
Ritgerð	Skil í nóvember	15%
Verkefni	Nokkur smáverkefni eftir hverja umfjöllun 5 stk.	15%
	Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
 Annað: Nemandi þarf að ná 4.0 í lokaprófi í desember til að ljúka áfanga, taka annarpróf og skila ritgerð að lágmarki.

ATH: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Verkefni lækka um hálfann fyrir hvern dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.

Dagsetning: 1608 2021
 Hannesius E
 Undirritun kennara

Inga B. Olafsd.
 Undirritun brautarstj., fagstj cða staðgengils